

Borgarstjórn
3. október 2017

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um skerpingu á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að sporna við hugsanlegu kennitölufлакki

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar í því skyni að sporna gegn hugsanlegu kennitölufлакki.

Greinargerð:

Á 407. fundi innkauparáðs 8. september 2017, var tekin fyrir afgreiðsla á tilboðum í verk samkvæmt útbóði, þar sem meirihluti innkauparáðs ákvað að samþykkja að taka lágsta tilboðinu í verkið, sem nam um 223 milljónum króna. Svo virðist sem ákvörðunin hafi byggt á túlkun skrifstofu borgarlögmans á tilteknum forsendum sem voru á þann veg að hún teldi að heimilt væri að taka tilboðinu. Sá aðili sem átti næst lágsta tilboðið mótmælti í kjölfarið afgreiðslunni á þeirri forsendu að rekstrarsaga eigenda og stjórnenda lögstjóðanda sýndi að fyrri félög þeirra og nær sömu eigenda á sama eða hliðstæðu sviði hefðu orðið gjaldþrota. Í mótmælum sínum dró hann í efa hæfi lögstjóðanda til að fá verkið í ljósi innkaupareglna Reykjavíkurborgar er varða atriði þar sem leitast er við að hafna viðskiptum við aðila sem hafa verið í kennitöluskiptum. Þar var vísað til ákvæða í 28 gr. innkaupareglnanna er varða hæfi bjóðenda.

Við skoðun á upplýsingum um fyrirtæki lögstjóðanda sem þar er vísað til virðast vera ærnar ástæður til að álykta að 6. mgr. 28. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar eigi hér við og á þeirri forsendu hefði því verið „heimilt“ og ástæður til að útiloka lögstjóðanda frá samningum um umrætt verk. Sýnt er að innkaupareglur Reykjavíkurborgar eru ekki nægilega afdráttarlausar hvað varðar mat á hæfi bjóðenda og því leggja Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu um skerpingu á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að geta spornað betur við hugsanlegu kennitölufлакki.